


FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

2

Jóhann G. Guðnason

Dagbók um Heklugosið 1947-1948

Haukur Jóhannesson sá um útgáfuna



Október 1985

Utgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson (ritstjóri)
Bergþór Jóhannsson
Sveinn P. Jakobsson

Kápumynd: Helgi Torfason

EFNISYFIRLIT

	bls.
Agrip	4
Inngangur (eftir Hauk Jóhannesson)	5
Afstöðumynd	6
Dagbók um Heklugosið 1947-1948	7

DAGBOK UM HEKLUGOSIÐ 1947-1948

Jóhann G. Guðnason
Vatnahjáleigu
Austur-Landeyjum
801 Selfoss

Haukur Jóhannesson sá um útgáfuna.

INNGANGUR

Heklugosið 1947-48 er mesta eldgos, sem orðið hefir á Íslandi á þessari öld. Það hófst snemma morguns 29. mars 1947 og stóð, með hléum þó, fram undir sumar 1948. Um þetta gos hefir meira verið ritað en um önnur gos á Íslandi. Merkast af því er ritröð Vísindafélags Íslendinga: The Eruption of Hekla 1947-1948. Þar eru margar ritgerðir um ýmsa þætti gossins og afleiðingar þess. Þar er m.a. löng grein eftir Sigurð Þórarinsson um Heklugos á sögulegum tíma og önnur eftir sama höfund, þar sem saga gossins 1947-48 er rakin í stórum dráttum. Fyrri ritgerðin kom síðar út á íslensku í bókaförmi undir nafninu Heklueldar.

Í upphafi gossins 1947-48 sendi Veðurstofa Íslands út tilmæli til fólks um að senda upplýsingar um hvort og hvar gosdynkir frá Heklu hefðu heyrst. Jóhann G. Guðnason í Vatnahjáleigu í Austur-Landeyjum var einn þeirra sem sendi Veðurstofunni svar um hæl. Upp frá því skráði hann hjá sér það markverðasta, sem hann sá og heyrði til Heklu. Hann sendi Veðurstofunni lýsingu sína og hefir hún verið geymd í skjalasafni stofnunarinnar. Lýsingin hefst 29. mars 1947 og endar 31. ágúst 1948. Því miður hefir glatast lýsing daganna 25. maí til 17. júní 1947 og hefir hún ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Auk þess vantar lýsingu daganna 24.-28. júní 1947 er Jóhann var á ferðalagi og einnig daganna 11.-17. júlí 1948 en þá lá Jóhann rúmfastur.

Hekla er í um 45 km fjarlægð frá Vatnahjáleigu (sjá meðfylgjandi afstöðumynd) og ber yfir Fljótshlíðarheiðar austan við Þríhyrning. Frá bænum sést suðvestur öxl Heklu og háfjallið vel en þó aðeins niður í miðjar hlíðar. Axlargígur og Toppígur voru virkustu eldgígarnir er á gosið leið og sést vel til þeirra frá bænum.


Að þessari lýsingu er mikill fengur fyrir jarðfræðinga því gosinu er lýst dag frá degi og er engin önnur slík til. Mjög miklar og góðar lýsingar eru til af upphafi gossins bæði í dagblöðum og eins í vísindaritgerðum um það. Aftur á móti, eins og oft vill verða, þá minnkaði áhugi fyrir gosinu er það dróst á langinn og þá um leið minna skrifað um það. Því er ýmislegt í þessari lýsingu sem ekki er til annars staðar og á það einkum við um síðustu mánuði gossins.

Textinn er prentaður stafrétt eftir handriti Jóhanns. Þar sem misræmi er í rithætti, er textinn samræmdur og sá ritháttur, sem er nær hefðbundinni ritvenju, látinn ráða.

Jóhann G. Guðnason er fæddur 24. nóvember 1919 að Efri-Ulfstöðum í Austur-Landeyjum en fluttist með foreldrum sínum að Vatnahjáleigu í sömu sveit árið 1930 og hefir búið þar síðan. Til gamans má geta þess, að langafi Jóhanns í móðurætt var Oddur Erlendsson á þúfu á Landi, sem reit gagnmerka lýsingu á Heklugosinu 1845-46, sem enn liggur ótöfðin í handriti á Landsbókasafni Íslands.

Að lokum vil ég færa Veðurstofu Íslands og einkum Öddu Báru Sigfúsdóttur þakkið fyrir að lána mér handritið að lýsingu

Jóhanns G. Guðnasonar af Heklugosinu 1947-48. Helgi Torfason teiknaði kápu mynd, Helga Valdemarsson og Erling Ólafsson tölvu settu textann og eiga þau þakkir skildar.



Hekla - Vatnahjáleiga, afstöðumynd.

DAGBOK UM HEKULGOSID 1947-1948

eftir
Jóhann G. Guðnason

1947

29. MARS.

Vindur N-1. Fyrst í morgun var að heyra þungan nið frá Heklu sem síðan, eða um kl. 8, breyttist í samfeldar háværar drunur og dynki er ágerðust er á daginn leið, og sleit aldrei í sundur. Loftþrýstingur var mikill. Óþéttar rúður í útihúsum, svo og hurðir í fólsum glömrðu og skröltu allan daginn, og er mestu dynkirnir kváðu við mátti greina titring á húsum. Um kl. 8 féll smágerður vikur í nokkrar mínútur, en síðan var dálítið óskufall til kl. 16.00. Óskulagið mun hafa verið jafnfallið um 1.5 mm.

30. MARS.

NA-4. Létt-sk. Miklar drunur heyrðust frá Heklu í dag, þó ekki eins samfeldar og í gær. Óðru hvoru hægði það að aðeins heyrðist þungur niður nokkrar sek. í senn, en síðan sami hávaðinn aftur á milli, engu minni en í gær. Milli kl. 14.00 og 15.00 heyrðust tvær geysimiklar sprengingar í fjallinu og titruðu hús þá við. Minna bar á loftþrýstingi en í gær. Heldur dróg úr gosdynkjum í kvöld. Miklir gosmekkir sáust héðan í kvöld, koma upp úr skýjabykkni yfir Heklu.

31. MARS.

Hæg breyttil. Átt. Létt-skýjað. Talsverðir dynkir hafa heyrst í dag, en mun minna en tvo undanfarna daga. Í dag var t.d. oft algert hlé á milli dynkja.

1. APRIL.

Talsverðir gosdynkir heyrðust ö.h. í dag. Eldar sáust í Heklu í kvöld. Í dag var vindur N-5 og gosmistur af fokösku.

2. APRIL.

A-6. Skýjað. Þurt.v. Dynkir heyrðust ekki í dag, og ekki sást til Heklu.

3. APRIL.

Hægv. Skýjað. Engir dynkir heyrast.

4. APRIL.

Logn. Bjartv. Engir dynkir heyrðust í dag. Eldar sáust í kvöld.

5. APRIL.

NA-5. Bjartv. Gosmistur af fokösku í kvöld, því þá hvessti allmikið á tímabili. NA-7-8. Engir gosdynkir heyrðust hingað í dag.

6. APRIL.

SV-4. Bjartv. Dálitlar gosdrunur heyrðust á tímabili s.d. í dag.

7. APRIL.

Logn. Bjartv. Lítillsh. dynkir heyrðust í kvöld. Þá sáust og eldstólpur ö.h. Talsvert rauk úr fjallinu í dag.

8. APRIL.

Logn og bjartv. í morgun. A-4 og þykknaði upp s.d. Engir dynkir heyrðust.

9. APRIL.

A-SA-6. Rigning. Engir dynkir heyrast.

10. APRIL.

S-3. Skúrir. Engir dynkir

heyrðust í dag. Ekki sést til Heklu.

11. APRÍL.
SV-3. El. Engir dynkir heyrðust.

12. APRÍL.
Lygnt í morgun. Milli kl. 12.00-17.00 var vindur SA-9 og rigning. V-4 og létti upp í kv. Engir dynkir heyrast.

13. APRÍL.
SA-S-7. Slydduél. Þrumuveður ö.h. frá háð. til kl. 20.00. Heyrði mikinn dynk í Heklu kl. 8.10 í morgun.

14. APRÍL.
S-7. Eljagangur. Engir dynkir heyrðust.

15. APRÍL.
S-SV-5. Eljav. Engir dynkir heyrðust.

16. APRÍL.
S-SV-2. Snjócoma ö.h. fram eftir degi V-NV-3 og létti upp í kv. Engir dynkir heyrðust í dag.

17. APRÍL.
NV-1 og bjartv. f.p. A-2 og þykknaði í lofti er á daginn leið. Miklir og tíðir dynkir heyrðust frá Heklu í morgun allt til hádegis, en þá hættu þeir að heyrast að mestu. Miklir gosmekkir sjást.

18. APRÍL.
NA-6. Skyjað. Urkomul. Engir dynkir hafa heyrst í dag, en mikla gosmekki leggur frá fjallinu, að sjá til V-SV.

19. APRÍL.
A-6. Skúrir. Engir dynkir heyrðust í dag.

20. APRÍL.
NA-7. Skyjað. Urkomul. Engir dynkir heyrðust í

dag, en í kvöld kl. 23.13 heyrðist mikil gosdruna, og var aðeins greinanlegur titringur á húsum.

21. APRÍL.
N-NA-8. Skyjað. Urkomul. Engir dynkir heyrðust. Miklir gosmekkir sást í dag.

22. APRÍL.
N-8. Skyjað. Urkomul. Heyrði mikinn dynk í Heklu kl. 18.47 og annan miklu minni kl. 18.51. Ekki sást til Heklu.

23. APRÍL.
N-2. Léttsk. Heyrði enga dynki í dag. Vel sést til Heklu. Rýkur lítið úr henni.

24. APRÍL.
A-4 og smáskúrir. Eftir kl. 20.00 var vindur S-3, skyjað en úrkomul. Engir dynkir heyrðust í dag. S.l. nótt kom ég heim úr ferðalagi kl. 2. Loguðu þá miklir eldar í Heklu, svo miklir að ö.h. sá ég mjög vel gosmekkina, þegar eldarnir lýstu þá upp. Logn var þá og heiðrikt. Enga dynki heyrði ég þá.

25. APRÍL.
A-SA-4. Slydduél ö.h. Engir dynkir heyrðust í dag, en upp úr skýjabykkni sem grúfði yfir Heklu stigu miklir og tignarlegir gosmekkir.

26. APRÍL.
A-3 og slydduél f.p. A-NA-7 og rigning í kvöld. Ekkert heyrðist í dag. Ferlegir gosbólstrar stigu upp úr skýjabykkninu yfir Heklu í dag með stuttu millibili.

27. APRÍL.
Att mjög breytileg. Vindur ýmist N-NA, A og SA.

Veðurh. 2. Logn milli átta-skifta. Þrumur í fjarska kl. 14.30-16.30. N-3 í kvöld. Kl. 9 fóru að heyrast all-miklir dynkir, og voru viðvarandi í allan dag til kl. 22.00. Stundum liðu 10-15 mín. milli dynkja, en oftast var þó skemmri tími á milli. Við stærstu dynkina greindi ég titring á útídyrahurðinni.

28. APRÍL.

N-6. Bjartviðri. Engir dynkir heyrðust í dag, en miklir gosmekkir sáust í allan dag.

29. APRÍL.

N-8. Lygndi með kvöldinu. Bjartv. Nokkrir þungir, en strjálir dynkir heyrðust hingað í dag, eða á þessum tímum: 8.15, 17.10, 18.25, 19.12 og 21.00. Eftir kl. 23.00 fóru að heyrast dynkir að staðaldri, en vægir.

30. APRÍL.

NV-4. Bjartv. Logn í kvöld. Tiðir dynkir hafa heyrst frá Heklu í allan dag, sumir svo miklir að hús hafa titrað við. Heldur hefur dregið úr þeim í kvöld. Sá mikla elda í SV-öxlinni á Heklu í kvöld.

1. MAÍ.

S-4. Rigning og þoka eftir kl. 19.00. Engir dynkir hafa heyrst í dag, og ekkert sést til Heklu vegna þoku.

2. MAÍ.

Logn í morgun. SA-5 og rigning eftir kl. 14.00. Engir dynkir hafa heyrst í dag.

3. MAÍ.

A-7. Skúrir. Engir dynkir í dag.

4. MAÍ.

A-4. Úrkomul. Logn eftir kl. 20.00. Kl. 18.15 heyrðist löng og mikil druna í Heklu, og eftir það heyrðust sífeldar þungar drunur sem heldur fóru minnkandi um og eftir kl. 24.00. Geysimiklir gosmekkir sáust í kvöld.

5. MAÍ.

Logn og úrkomul. til kl. 19.00. Eftir það A-5 og skúrir. Drunur, þó ekki mjög miklar, heyrðust til kl. 10.00 í morgun. Kyrrt eftir það.

6. MAÍ.

A-7. Skúrir. Logn í kv. Engir dynkir hafa heyrst í dag, en óvenjumikill gosmökkur sást í allan dag.

7. MAÍ.

A-4. Logn 8.h. Smáskúrir. Engir dynkir hafa heyrst í dag, og ekki sést til Heklu.

8. MAÍ.

A-3. Léttisk. Kl. 18.00 fóru að heyrast miklir dynkir í Heklu og gekk svo áfram fram á nótt. Sá mikla elda kl. 22.00 en eftir það huldust Hekla þoku.

9. MAÍ.

Breytil. Átt f.p. A-5 og skúrir s.d. Engir dynkir heyrðust í dag. En kl. 15.30 gaus upp sá mesti gosmökkur sem ég hef séð fram að þessu, að undanskildum fyrsta degi gossins, 29. mars. s.l.

10. MAÍ.

A-6 í morgun. A-8 um miðjan daginn. A-SA-5 og þokusúld í kvöld. Ekkert heyrðist í Heklu í dag. Öðru hvoru sást til fjallsins, og sáust þá miklir gosmekkir. Engir eldar sáust í kv. enda

lagðist þá þoka yfir, og byrgði alla útsýn.

11. MAÍ.

A-SA-6. Þokuloft. Rigning eftir kl. 22.00. Ekkert heyrðist í Heklu. Um kl. 19.00 sást snöggvast til fjallsins, og lagði þá allmikla hvíta gufu úr SV-öxlinni.

12. MAÍ.

A-6. Skyjað. Súld eftir kl. 21.00. Í dag sást öðru hvoru til Heklu. Miklir gosmekkir sáust, en engir dynkir heyrðust. Mökkurinn var biksvartur að sjá.

13. MAÍ.

A-7 og loftlétt til kl. 11. Eftir þann tíma A-6 og mikil rigning ö.h. Endrum og eins sást ólöggt til Heklu í dag. Gosmökkur virtist minni en í gær. Engir dynkir heyrðust.

14. MAÍ.

A-6. Skyjað en úrkomul. Breytileg átt og hæg. í kvöld. Sæmilegt skyggni var til Heklu í dag. Gosmekkir voru miklir. Í kvöld byrgði fyrir útsýn til fjallsins vegna misturs á Fljóts-hlíðarheiðum. Virtist þar vera hvöss A-átt, og einnig með ströndinni. Engir gosdynkir hafa heyrst.

15. MAÍ.

A-NA-átt. Veðurhæð breytileg, 1-5 vst. Logn ö.h. Skyjað. Úrkomul. Skyggni til Heklu sæmilegt. Allmikið rauk úr gignum í SV-öxlinni og eins úr toppnum á fjallinu. Gosstrókurinn úr SV-öxlinni var að sjá ljósari á lit heldur en gosstrókurinn úr toppgignum. Kl. 18.40 heyrði ég mikinn gosdynk og þrjá minni skömmu seinna. Kl. 23.00 var skyggni til fjallsins orðið mjög slæmt

vegna þoku og misturs er var þar efra.

16. MAÍ.

A-6 í morgun. A-9 um miðjan d. A-SA-5 og mikil rigning kl. 18.00-21.00. Eftir kl. 21.00 létti í lofti, og vindur S-3. Ekkert heyrðist í Heklu. Skyggni slæmt. Sá í morgun dálitla mekki.

17. MAÍ.

SA-4 í morgun og í kvöld. SA-6 um miðjan daginn. Gott skyggni til Heklu. Gosmekkir litlir að sjá. Svo virðist sem mikill hnjúkur hafi myndast á háfjallinu (héðan að sjá), og úr toppi þessa hnjúks rauk dálítið. Virðist vera á sama stað og toppgígurinn er. Ljósleita gufu lagði úr SV-öxlinni í dag. Engir dynkir hafa heyrst.

18. MAÍ.

A-7 og bjartv. til kl. 19.00. Eftir það A-5 og skúrir. Engir dynkir heyrðust. Skyggni til Heklu sæmilegt. Í dag virtist rjúka álíka mikið úr fjallinu og í gær.

19. MAÍ.

A-8 og úrkomul. til kl. 14.00. Eftir það A-7 og mikil rigning. Meðan sást til Heklu fyrri hl. dags, rauk dálítið úr henni, mest úr toppgignum. Engir dynkir heyrðust.

20. MAÍ.

A-6. Úrkomul. Mér virtist rjúka með minnsta móti úr Heklu í dag. Engir gosdynkir heyrðust.

21. MAÍ.

S-3. Skúrir. Bjart á milli. Í dag sást ekki til Heklu vegna þoku þar efra.

22. MAÍ.
S-4. Smáskúrir. Hvorki
heyrðist né sást til Heklu
í dag. Þoka haldi fjallið.

23. MAÍ.
SV-2. Bjartv. Í dag sást
vel til Heklu. Gosmökkur
var ekki mikill. Engir
dynkir.

24. MAÍ.
S-SA-1. Bjartv. Mikinn
mökk lagði upp af Heklu, og
náði hann mikilli hæð. Var
það úr toppgignum og SV-
öxlinni. Dynkir heyrðust ö.
h. í dag.

*

18. JÚNÍ.
SA-6. Léttsk. fyrri hluta
dags. Rigning ö.h. síðd.
Þoka haldi Heklu í dag, en
upp úr þokunni stigu miklir
gosmekkir. Engir dynkir
heyrðust.

19. JÚNÍ.
SA-4. Rigning ö.h. Miklir
gosmekkir stiga upp úr
skýþykknunni er haldi Heklu.
Engir dynkir hafa heyrst.

20. JÚNÍ.
SA- og síðan S-3. Skúrir.
Logn í kvöld. Til Heklu
sást stutta stund í morgun.
Rauk þá mikið úr SV-
öxlinni.

21. JÚNÍ.
Breytil. Átt. Hæg. v.
Léttsk. Hvorki sást né
heyrðist til Heklu í dag.

22. JÚNÍ.
A-4. Léttsk. Logn í kvöld.
Síðd. sást til Heklu. Rauk
þá dálítið úr SV-öxlinni,
en mun minna en verið hefur
lengi undanfarið. Engir
dynkir.

* Lýsing daganna 25. maí
til 17. júní hefir glatast.

23. JÚNÍ.
Breytil. Átt. Skýjað.
Þokuslæðingur haldi Heklu
að mestu, en þó sást í
fjallið sjálft ö.h. Ekkert
sást rjúka úr fjallinu,
nema dálitla hvíta gufu
lagði úr SV-verðu fjallinu,
neðan til.

24-28. JÚNÍ.
Var ég á ferðalagi, og gat
þarafleiðandi ekki fylgst
með gosinu.

29. JÚNÍ.
A-4. Skýjað. Hvorki sást
né heyrðist til Heklu í
dag. Þoka haldi fjallið.

30. JÚNÍ.
S-5. Þukuloft og skúrir.
Hvorki sást né heyrðist til
Heklu í dag.

1. JÚLÍ.
S-SV-3. Skúrir. Þurt en
skýjað í kv. Í kvöld sást
Hekla. Dálítið rauk úr SV-
öxlinni, og hvítan gufumökk
lagði frá rótum fjallsins
að SV. Engir dynkir heyrð-
ust.

2. JÚLÍ.
A-6 og rigning ö.h. til kl.
19.00. Eftir það S-3 og
þukuloft. Ekkert hefur sést
til Heklu og engir dynkir
heyrst.

3. JÚLÍ.
S-3. Skúrir. Vegna þoku
sást ekki til Heklu í dag.
Engir dynkir heyrðust.

4. JÚLÍ.
N-NV-4. Skúrir f.p. Léttsk-
skýjað síðd. Hvorki sást né
heyrðist til Heklu í dag.

5. JÚLÍ.
N-4 og bjartv. f.p.
Breytil. Átt með skúrum og
þrumuveðri síðd. Í kvöld
var gott skyggja til Heklu.
Rauk þá all-mikið úr SV-

hliðinni og úr toppnum ö.h. Engir dynkir.

6. JULÍ.

N-9. Skyjað og rigning á tímabili í kv. Hvorki hefur heyrst né sést til Heklu í dag.

7. JULÍ.

N-9 árd. NA-7 síðd. Hryðjur. Logn í kv. Síðd. sást til Heklu. Dálitinn gufuslæðing lagði úr SV-hliðinni. Á ca. 15 mín. fresti gusu upp gosstrókar úr toppnum með geysihraða og náðu mikilli hæð. Stóðu goshrinur þessar ca. 5 mín. að jafnaði. Þess á milli rauk ekkert út toppnum. Engir dynkir.

8. JULÍ.

SA- og síðan S-4. Bjartv. Skyjað í kv. Skyggni var mjög slæmt til Heklu. Að því er best varð séð virtist gosið haga sér mjög svipað og í gær. Engir dynkir heyrðust.

9. JULÍ.

SA-4. Þokuloft og smáskúrir. Hvorki hefur heyrst né sést til Heklu í dag.

10. JULÍ.

S-SA-2. Þokuloft. Smáskúrir. Vegna þoku hefur ekki sést til Heklu í dag.

11. JULÍ.

S-SA-2. Þokuloft. Urkomul. Ekki hefur sést til Heklu í dag vegna þoku.

12. JULÍ.

A-7. Rigning eftir kl. 19.00. Í morgun var gott skyggni til Heklu. Rauk þá litið sem ekkert úr fjallinu nema hvað toppgigurinn peytti úr sér þykkum gosbólstrum með löngu millibili. Leið allt að 1/2 - 1 klst. milli goshrinanna, en þær stóðu yfir

örfáar mínútur hver fyrir sig. Engir dynkir.

13. JULÍ.

SA-6. Skúrir. Hekla hefur ekki sést í dag vegna þoku þar efra.

14. JULÍ.

SA-5. Mikil rigning eftir kl. 14.00. Hvorki sást né heyrðist til Heklu.

15. JULÍ.

A-7-8. Skúrir f.p. Rigning síðd. Heyrist hvorki né sést til Heklu.

16. JULÍ.

SA-4. Skyjað. Í kvöld kl. 22.00 sást upp í miðjar hliðar Heklu. Þoka var efst á fjallinu. Ekki var hægt að sjá nein merki um gos í fjallinu.

17. JULÍ.

A-SA-7. Rigning. Hekla hefur ekki sést í dag vegna þoku og dimmveðurs.

18. JULÍ.

A-7 og rigning í morgun. Lygndi og létti í lofti síðd. Hekla sást ekki.

19. JULÍ.

A-4. Urkomul. og léttskyjað síðd. Hekla hefur ekki sést í dag vegna þoku. Sá gosstrók stiga upp úr þokunni kl. um 13.00. Hafa ekki önnur merki goss sést í dag.

20. JULÍ.

S-SV-1. Bjartv. Skyggni var gott til Heklu í dag. Reykjarstrókar komu úr fjallinu með löngu millibili ymist úr SV-hliðinni eða toppnum. Reykjarstrókar voru ymist ljósleitir eða kolsvartir. Engir dynkir heyrðust.

21. JULÍ.

Breytil. átt og hæg.

Bjartv. 1 dag. Létt skýjað 1 kv. 1 dag rauk mjög lítið úr Heklu, og stundum alls ekki neitt. Ljósleit-an gufuslæðing lagði úr gignum endrum og eins en tvisvar 1 dag sá ég þó svartan strók koma úr toppnum, en aðeins stutta stund í hvort sinn ca. 3-5 mín.

22. JULÍ.
Breytil. átt. Hægv.
Skúraleiðingar s.d. Hekla
hafði hægt um sig 1 dag.
Aðeins sást örllitinn
gufuslæðing leggja úr
gignum ö.h.

23. JULÍ.
A-4. Þokuloft og skúrir.
Hekla hefur ekki sést 1 dag
vegna þoku.

24. JULÍ.
Logn. Mikil rigning og
brumuveður frá kl. 13.00-
18.00. Létti til með V-NV-
1 1 kv. Ekki hefur sést til
Heklu.

25. JULÍ.
V-4. Léttsk. Logn 1 kv.
Hekla var hulin þoku. Gos-
mökkur steig upp úr þokunni
ö.h., og var eftir afstöð-
unni að dæma úr SV-hlið-
inni.

26. JULÍ.
V-3 og léttsk. f.hl. dags.
A-4 og rigning eftir kl.
18.00. Hvítan gufuslæðing
lagði upp af gígum Heklu 1
dag.

27. JULÍ.
S-3. Súld og þoka. Skyggni
1-2 km.

28. JULÍ.
SV-3. Þokuloft og skúrir.
Hekla hefur ekki sést 1 dag
vegna þoku.

29. JULÍ.
V-SV-2. Þokuloft og súld
ö.h.

30. JULÍ.
V-SV-2. Þokuloft. Urkomu-
laust að mestu.

31. JULÍ.
S-3. Þokuloft og skúrir.

1. AGUST.
S-SV-4. Rigning og þoka.
Skyggni 5 km.

2. AGUST.
S-SV-2. Þoka og súld.
Skyggni 500 mtr.

3. AGUST.
SV-2. Þoka og súld. Sk. 2-
5 km.

4. AGUST.
N-4. Léttsk. Hekla sást vel
1 dag. Toppgigurinn gaus
með litlum hvíldum, en mjög
virtust það vera lítil gos.
Ljósleita gufu lagði upp af
SV-hliðinni.

5. AGUST.
A-4 og skýjað 1 dag. S-2 og
þokusúld eftir kl. 19.00.
Hekla sást ekki 1 dag vegna
þoku.

6. AGUST.
SV-2. Smáskúrir f. hluta
dags. Bjartv. síðd. Hekla
hulin þoku.

7. AGUST.
A-gola árd. A-6 síðd.
Skýjað. Urkomulaust. Hekla
sást ö.h. Hvítur gufuslæð-
ingur rauk úr SV-öxlinni en
svartar reykjargusur, mjög
litlar að vísu komu úr
toppnum ö.h.

8. AGUST.
A-5. Skýjað. Smáskúrir
síðd. Hekla sást ekki 1
dag vegna skýjabykknis.

9. AGUST.
N- * og rigning til kl.
10.00. Eftir það A-6-7 og

* Gatað úr handriti.

skúrir, en bjart á milli. Hekla sást stutta stund síðd. Rauk þá mikil hvít gufa úr SV-hlíðinni. Toppurinn sást ekki vegna þoku.

10. AGUST.

A-4. Rigning ö.h. Hekla sást ekki.

11. AGUST.

S-SV-3. Skúrir. All-mikil hvít gufa rauk úr SV-hlíð Heklu í dag.

12. AGUST.

A-2 til kl. 10. Síðan N-1. Skyjað. Urk.l. Hekla sást um hádegisbilið í dag. Rauk þá mikið úr SV-hlíðinni. Toppurinn var hulin þoku. Kl. um 16.00 fannst hér vægur, en nokkuð langur jarðskjálftakippur.

13. AGUST.

S-SV-2. Smáskúrir. Hekla hefur verið hulin þoku í allan dag.

14. AGUST.

Breytil. átt., hæg. A-4 í kv. Skyjað. Hekla sást á tímabili í dag. Rauk þá mikið úr SV-hlíðinni og var reykurinn hvítleitur. Toppurinn var hulin þoku.

15. AGUST.

S- og síðan SV-5. Skúrir. Hekla var hulin þoku í dag.

16. AGUST.

S- og síðan SA-2. Þokuloft og skúrir.

17. AGUST.

A-6; rigning og þoka til kl. 17.00. Létti þá upp með S-SV-3. Síðan smáskúrir. Hekla hefur ekki sést í dag vegna þoku.

18. AGUST.

S-5. Skúrir. Hekla hulin þoku.

19. AGUST.

S-6. Rigning ö.h. S-2 í kvöld og smáskúrir. Hekla hulin þoku.

20. AGUST.

S-2. Þokuloft. Súld ö.h. Létti upp með A-3 í kv. Í kvöld sást Hekla. Rauk þá allmikið úr toppgignum.

21. AGUST.

A-7. Skyjað. Loftlétt ö.h. Urk.l. Hekla var hulin þokuhjúp. Ekki sáust nein merki um gos í fjallinu.

22. AGUST.

A-7 í dag. A-9 í kv. Léttskyjað. Hekla var hulin þoku í dag.

23. AGUST.

S- og síðan SA-2-4. Skúrir. Þoka grúfði yfir Heklu í dag.

24. AGUST.

SA-4 og síðar A-6. Þokuloft og skúrir.

25. AGUST.

A-SA-7. Skúrir árd. Mikil rigning síðd. Hekla sást stutta stund um hádegisbilið. Hvítan gufuslæðing lagði úr SV-öxlinni, og eins virtist rjúka talsvert, neðarlega úr SV-hlíðinni. Þoka var á fjallstoppnum.

26. AGUST.

A-SA-6 og skúrir til kl. 13.00. Eftir það A-SA-9; rigning og þoka. Létti upp og lygndi með S-átt kl. 19.00. Hekla sást ekki í dag.

27. AGUST.

S-SV-3. Skúrir. SV-1 og léttsk. í kv. Hekla hulin þoku í allan dag.

28. AGUST.

SA-4-6. Skyjað. Urkomul.

Í dag rauk stöðugt úr SV-öxl Heklu og eins neðar úr SV-hlíðinni, og var gosmökkurinn hvítur að lit. Ekki sá ég rjúka úr toppnum enda var þoka í fjalls-
toppnum öðru hvoru.

29. AGÚST.

SA-3 og rigning til kl. 12.00. Síðan SV-2 og léttisk. Hekla hulin þoku.

30. AGÚST.

S-SA-3. Þokuloft og smáskúrir.

31. AGÚST.

A-SA-5. Rigning og þoka síðd.

1. SEPTEMBER.

SA-3. Léttskyjað. Skyggni var gott til Heklu fyrripart dagsins. Síðd. huldust fjallið þoku. Meðan til sást rauk mikið úr SV-öxlinni, og eins neðar úr SV-hlíðinni. Var reykurinn hvítur. Toppgigurinn spúði tvisvar í dag, frekar litlum, svörtum reykjargusum, aðeins stutta stund í hvort skifti; ca. 1 mín. Var það kl. um 9.30 og 14.30.

2. SEPTEMBER.

SA-3. Léttisk. Talsvert rauk úr SV-öxl Heklu í dag. Ekkert rauk úr toppnum. Í kvöld minnkaði mjög reykurinn úr SV-öxlinni. Dálítið vestan eða SV-við Heklu var í allan dag skyjabólstur all-mikill, og var auðséð að það var ekki venjulegt ský. Í kvöld eftir að dimma tók lék stöðugur eldsbjarmi um ský þetta. Mun skýið myndast af hitauppstreymi frá hrauninu, og eldsbjarminn einnig stafa frá því. Í Heklu sjálfri sást enginn eldur, og veitti ég þó fjallinu nákvæma eftirtekt til kl. rúmlega 24.00.

3. SEPTEMBER.

A-SA-6 og léttisk. árd. A-NA-3 og rigning ö.h. eftir kl. 19.00. Hekla hulin þoku í dag.

4. SEPTEMBER.

S-SV-2. Þokul. og smáskúrir. Hekla hulin þoku allan daginn.

5. SEPTEMBER.

Hægv. Skyjað. Hekla hulin þoku.

6. SEPTEMBER.

Breytil. átt. Hægv. Frá kl. 8-10 í morgun sást Hekla vel. Stóðu frá 5-6 hvítir reykjarstrókar úr SV-hlíðinni, og eins úr toppgignum, en þar rauk langminnst, aðeins lítilsh. gufa.

7. SEPTEMBER.

A- og síðan S-SV-4-2. Þokul. og skúrir. Hekla hulin þoku í allan dag.

8. SEPTEMBER.

Breytil. átt. Hægv. Skyjað. Skúrir í kv. Hekla sást stutta stund um kl. 14.00. Rauk þá mikið úr SV-öxlinni, og virtist reykurinn vera mun dekkri en venjul. Mikill eldsbjarmi var yfir gosstöðvunum eftir að dimma tók.

9. SEPTEMBER.

Hæg breytil. átt. Skúrir um miðjan daginn. Bjartv. síðd. Í dag rauk úr SV-öxlinni á 4 stöðum, en ekki mjög mikið. Er dimma tók í kv. sást einn reykjarstrókur, og var hann rauður; glóðin í gignum hefur sennilega lýst hann upp. Var tignarleg sjón að sjá eldrauðan strókinn leggja hátt á loft.

10. SEPTEMBER.

A- og síðan NA-4. Léttisk.

1 dag rauk all-mikið úr SV-hlíð Heklu.

11. SEPTEMBER.

A-11 til kl. 12.00 en fór síðan lygnandi. Rigning. Hekla sást ekki.

12. SEPTEMBER.

SA-7. Skúrir. Hekla sást ekki.

13. SEPTEMBER.

SA-3 og skúrir. NA-1 og létti til í kv. Hekla sást í kv. Lagði þá hvítan reyk úr SV-hlíðinni.

14. SEPTEMBER.

A-SA-3. Léttsk. Hekla sást framanaf degi. Að venju lagði hvítan reyk úr SV-hlíðinni.

15. SEPTEMBER.

A-2. Léttsk. Hvítan reyk lagði úr SV-hlíð Heklu í dag. Mikill eldsbjarmi var á skyjum yfir fjallinu í kvöld.

16. SEPTEMBER.

Breytil. átt. Hægv. Léttsk. Dálitinn gufuslæðing lagði upp af SV-öxl-inni.

17. SEPTEMBER.

NV-4. Bjartv. All-mikinn hvítan reyk lagði upp af SV-hlíðinni.

18. SEPTEMBER.

S-SA-8. Rigning eftir kl. 12.00. Hekla sást ekki.

19. SEPTEMBER.

S-6 árd. SA-5, rigning og þoka síðd.

20. SEPTEMBER.

S-SA-4 og rigning árd. SV-2 og skúrir síðd. Hekla hefur ekki sést í dag vegna þoku.

21. SEPTEMBER.

SV-3. Smáskúrir. Hekla

hefur ekki sést í dag. Eldsbjarmi sást þar efra í kvöld.

22. SEPTEMBER.

V-5. Skyjað. Urkomul. Hekla hulin þoku.

23. SEPTEMBER.

V-SV-3. Þokuloft og súld ö.h. Skyggni 5-10 km.

24. SEPTEMBER.

V-2. Þokuloft árd. Létt-sk. síðd. Hekla sást síðd. í dag. Að venju lagði talsvert mikið af hvítum reyk úr SV-hlíðinni.

25. SEPTEMBER.

SA-4; rigning og þoka til kl. 12.00. Síðan SV-6-8 og smáskúrir. Hekla sást ekki.

26. SEPTEMBER.

V-SV-9. Skúrir. Hekla sást ekki.

27. SEPTEMBER.

V-6. Slydduél. Hekla sást ekki vegna þoku. Eldsbjarmi sást á skyjunum yfir Heklu eftir að dimma tók í kvöld.

28. SEPTEMBER.

Hæg breytil. átt. Snjóél. Hekla hulin þoku.

29. SEPTEMBER.

Hæg breytil. átt. Léttsk. Mikla hvíta gufu lagði úr SV-öxl Heklu. Fjallið er nú mikið til hulið snjó, en auðir bléttir á við og dreif.

30. SEPTEMBER.

Hæg breytil. átt. Léttsk. Hekla hulin þoku.

1. OKTOBER.

Hæg breytil. átt. Léttsk. Að venju rauk hvít gufa úr SV-hlíð Heklu.

2. OKTOBER.

SA-6; rigning og þoka

fyrst. Síðan SV-3 og skúr-
ir Hekla sást ekki í dag.

3. OKTÓBER.

Logn í morgun. S-4; rign-
ing og þoka eftir kl.
11.00. Skyggni 1 km.

4. OKTÓBER.

S-2; rigning og þoka til
kl. 14.00. Síðan SV-2-4 og
skúrir. Hekla sást ekki.

5. OKTÓBER.

SV-3 og síðar V-6. Skúrir.
Hekla hulin þoku.

6. OKTÓBER.

N-1. Bjartv. Hvít gufa rauk
úr Heklu.

7. OKTÓBER.

A-7. Léttsk. Hvíta gufu
lagði úr fjallinu að venju.
Eldsbjarmi sást þar efra í
kv.

8. OKTÓBER.

SA-5. Þoka og rigning ö.h.
Skyggni 1 km.

9. OKTÓBER.

S-4. Skúrir. Hekla hulin
þoku.

10. OKTÓBER.

S-3. Skúrir. Hekla sást
ekki vegna þoku.

11. OKTÓBER.

SV-6. Slydduél. Logn og
skyjað í kv. Hekla sást
ekki.

12. OKTÓBER.

N-1 og skyjað til kl.
12.00. Eftir það S-2 og
slydduél. Hekla hulin þoku.

13. OKTÓBER.

S-2-6. Slydduél. Hekla
hulin þoku.

14. OKTÓBER.

N-NV-2. Léttsk. Síðd. í
dag sást Hekla. Rauk þá
mikil hvít gufa úr SV-hlíð-
inni.

15. OKTÓBER.

N-1. Bjartv. Hvíta gufu
lagði úr SV-hlíðinni.

16. OKTÓBER.

N-NA-1. Bjartv. All-mikinn
hvítan reyk lagði úr SV-
hlíð Heklu í dag.

17. OKTÓBER.

A-7. Slydda síðd. A-10 og
úrkomul. eftir kl. 21.00.
Skyggni var gott til Heklu
fram að hádegi. Rauk mjög
lítið úr fjallinu.

18. OKTÓBER.

Logn í morgun. Síðan A-6
og rigning ö.h. Hekla hef-
ur ekki sést í dag vegna
þykkveðurs.

19. OKTÓBER.

Hæg breyttil. átt. Skúrir.
Hekla sást í dag milli kl.
9.00 og 11.00. Virtist þá
rjúka mjög lítið úr fjall-
inu.

20. OKTÓBER.

Hæg breyttil. átt. Léttsk.
með köflum. Allmikinn
hvítan gufumökk lagði upp
af Heklu. Eldsbjarmi sást
þar efra í kvöld.

21. OKTÓBER.

Logn. Lítilsh. rigning og
þoka síðd. Hekla hefur ekki
sést vegna þoku.

22. OKTÓBER.

SA-3 og síðar S-2. Rigning
og þoka.

23. OKTÓBER.

A-3 og síðar A-8. Skyjað
fram eftir degi. Loftlétt
í kvöld. Skyggni við hið
besta til Heklu í dag.
Rauk með minnsta móti úr
fjallinu; aðeins hægt að
greina örflitinn gufuslæðing
úr SV-öxlinni. All-mikill
eldsbjarmi var á loftinu
yfir Heklu í kvöld.

24. OKTÓBER.

A-7; rigning og þoka til kl. 13.00. Síðan A-8; loftlétt í kv. Hekla sást síðd. Fjallið hulið þoku niður í miðjar hliðar. Engin merki þess sáust að úr fjallinu ryki. Eldsbjarmi sást í kvöld.

25. OKTÓBER.

SA-4-6. Þoka. Rigning ö.h.. Skyggni 1 km.

26. OKTÓBER.

SA-6. Lítilsh. súld eftir kl. 19.00. Hekla sást vel fyrri hluta dags. Rauk þá svolítið úr SV-öxlinni.

27. OKTÓBER.

SA-4-6. Skýjað. Hekla sást ekki.

28. OKTÓBER.

A-4. Smáskúrir í kv. Öbreytt.

29. OKTÓBER.

NA-1. Léttsk. Öbreytt.

30. OKTÓBER.

Logn. Léttsk. Hekla var að mestu hulin þoku í dag. Svo virtist sem hvíta gufu lagði úr SV-öxlinni. Eldsbjarmi sást í kv.

31. OKTÓBER.

SA-6. Skúrir. Hekla hulin þoku.

1. NOVEMBER.

SA-2. Smáskúrir árd. Léttsk. síðd. Hekla sást annað veifið. Rauk töluvert mikið úr SV-öxlinni. Eldsbjarmi sást í kvöld.

2. NOVEMBER.

A-4 og skýjað fyrst. Síðan N-5 og léttsk. Hekla sást síðd. Hvíta gufu lagði þá úr SV-öxlinni.

3. NOVEMBER.

N-7. Lítilsh. rigning ö.h. Hekla sást ekki.

4. NOVEMBER.

N-6 og skýjað fyrst. Lygndi síðan og létti til. Hekla sást síðd. í dag. Fjallið er nú snævi þakið. Örlítið rauk úr SV-öxlinni. Eldsbjarmi sást yfir Heklu í kvöld. Í gær tók ég eftir því að fé var með greinilegan öskulit á höfði og hálsi. Hafði ég orð á þessu við einn nágranna minn, og sagði hann að féð væri búið að vera með þennan öskulit nokkra daga. Þó hefur öskufalls ekki orðið vart hér.

5. NOVEMBER.

A-7. Skýjað. Hekla hulin þoku. Mikill eldsbjarmi sást í kvöld.

6. NOVEMBER.

A-9. Skýjað. Rigning eftir kl. 21.00. Öbr.

7. NOVEMBER.

